

Reiðhöllin Vindási ehf.
Ársreikningur 2024

Óendurskoðaður ársreikningur
Reiðhöllin Vindási ehf.
Hjarðarholtslandi 2
311 Borgarnes
Kt. 660593-3309

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar	3
Áritun endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8

Skýrsla og áritun stjórnar

Tilgangur félagsins er eignarhald og rekstur reiðhalla í Borgarnesi.

Rekstur ársins 2024 og framtíðarhorfur

Rekstrartekjur félagsins námu 4 millj. kr. á árinu 2024 (2023: rekstrartekjur 3,7 millj. kr.). Tap félagsins árið 2024 nam 2,9 millj. kr. (2023: tap að fjárhæð 3,6 millj. kr.).

Eigið fé félagsins í árslok 2024 var 80,8 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi (2023: 83,7 millj. kr.) að meðtöldu hlutfé félagsins að nafnverði 144,5 millj. kr. í árslok 2023. Óheimilt er að úthluta arði til hluthafa á árinu 2025. Vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum. Á árinu 2024 fékk félagið úthlutað styrk til framkvæmda við húsnæði félagsins í þeim tilgangi að auðvelda aðgengi. Áformað er að framkvæmdir hefjist á árinu 2025.

Hluthafar í árslok voru þrír líkt og í ársbyrjun. Í árslok 2024 var hlutfé í eigu eftirtalinnna aðila:

	Eignarhluti
Borgarbyggð	57,95%
Hestamannafélagið Borgfirðingur	37,83%
Hrossaræktarsamband Vesturlands	4,22%

Stjórn Reiðhallarinnar Vindási ehf. hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2024 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn leggur til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Borgarnes, 6. febrúar 2025

Stjórn:

Haukur Þór Hauksson, formaður

Hrefna B. Jónsdóttir, gjaldkeri

Sveinbjörn Eyjólfsson

Ársreikningur þessu var samþykktur á stjórnarfundi þann 6. febrúar 2025 og í framhaldinu staðfestur með rafrænum hætti.

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Reiðhöllinni Vindási ehf.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Reiðhallarinnar Vindási ehf. fyrir árið 2024 byggt á þeim upplýsingum sem stjórn hefur lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu og áritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað sérfræðipækkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða félagið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum síðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Stjórn er ábyrg fyrir ársreikningnum og nákvæmni og heild þeirra upplýsinga sem hann byggir á.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings felur ekki í sér staðfestingavinnu er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórn hefur lagt fram. Við höfum hvorki endurskoðað né kannað ársreikninginn og látum því ekki í ljós álit á honum.

Borgarnes, 6. febrúar 2025

KPMG ehf.

Haraldur Örn Reynisson

Rekstrarreikningur árið 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur			
Leigutekjur		2.943.339	2.703.051
Aðrar tekjur	6	1.041.805	989.680
		<u>3.985.144</u>	<u>3.692.731</u>
Rekstrargjöld			
Rekstur húsnæðis		2.271.999	2.144.395
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		318.651	300.458
Afskriftir	7	4.347.874	4.848.039
		<u>6.938.524</u>	<u>7.292.892</u>
Rekstrartap fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(2.953.380)	(3.600.161)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		27.791	16.189
Vaxtagjöld	(7.473)	0
		<u>20.318</u>	<u>16.189</u>
Tap ársins	10	<u>(2.933.062)</u>	<u>(3.583.972)</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Tap ársins	10 (2.933.062)	(3.583.972)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	4.347.875	4.848.039
		<u>1.414.813</u>	<u>1.264.067</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, hækkun	(2.552)	(3.328)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		6.000.000	(9.350)
		<u>5.997.448</u>	<u>(12.678)</u>
		<u>7.412.261</u>	<u>1.251.389</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Staða við tengda aðila, breyting	(6.000.000)	326.202
		<u>(6.000.000)</u>	<u>326.202</u>
Hækkun á handbæru fé		1.412.260	1.577.591
Handbært fé í ársbyrjun		<u>2.047.971</u>	<u>470.380</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>3.460.231</u></u>	<u><u>2.047.971</u></u>

Skýringar

1. Félagið

Reiðhöllin Vindási ehf. („Félagið“) er íslenskt einkahlutafélag og er lögheimili þess að Hjarðarholtslandi 2, Borgarbyggð. Starfsemi félagsins felst í eignarhaldi og rekstri reiðhalla í Borgarnesi.

Reikningsskilaaðferðir

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Innlausn tekna

Tekjur af húsaleigu eru færðar í rekstrarreikning í samræmi við gildandi leigusamninga.

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Innréttingar og tæki	7 ár
Fasteignir	33 ár

5. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

6. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur greinast þannig:	2024	2023
Styrkur vegna fasteignagjalda	1.041.805	989.680
Aðrar tekjur samtals	<u>1.041.805</u>	<u>989.680</u>

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:

	Fasteignir	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2023.....	134.561.477	9.269.425	143.830.902
Heildarverð 31.12.2023.....	134.561.477	9.269.425	143.830.902
Heildarverð 31.12.2024.....	134.561.477	9.269.425	143.830.902
Afskrifað samtals 1.1.2023.....	51.026.316	6.295.050	57.321.366
Afskriftir ársins 2022	4.036.845	811.194	4.848.039
Afskrifað samtals 31.12.2023.....	55.063.161	7.106.244	62.169.405
Afskriftir ársins 2023	4.036.845	311.030	4.347.875
Afskrifað samtals 31.12.2024.....	59.100.006	7.417.274	66.517.280
Bókfært verð 31.12.2023.....	79.498.316	2.163.181	81.661.497
Bókfært verð 31.12.2024.....	75.461.472	1.852.151	77.313.623
Afskriftahlutföll	3%	15%	

Skýringar

8. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

Fasteignamat og vátryggingarverðmæti

Fasteignamat og vátryggingarverðmæti greinist þannig:

	Fasteignamat	Brunabótamat	Vátryggingarverðmæti
Fasteignir	79.450.000	300.950.000	289.016.297
Samtals	79.450.000	300.950.000	289.016.297

9. Hlutafé

Heildarhlutafé samkvæmt samþykktum félagsins er 144,5 millj. kr. og fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut.

10. Yfirlit eiginfjárreikninga

	Hlutafé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2023.....	144.458.606	(57.161.604)	87.297.002
Tap ársins	0	(3.583.972)	(3.583.972)
Eigið fé 31.12.2023.....	144.458.606	(60.745.576)	83.713.030
Tap ársins	0	(2.933.062)	(2.933.062)
Eigið fé 31.12.2024.....	144.458.606	(63.678.638)	80.779.968

11. Yfirfæranlegt skattalegt tap

Ójafnað skattalegt tap í árslok 2024 nam 14,4 millj. kr. Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því að það myndast fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok 2024 er nýtanlegt sem hér segir:

	2024	2023
Skattalegt tap ársins 2012, nýtanlegt til ársloka 2022	0	1.150.025
Skattalegt tap ársins 2017, nýtanlegt til ársloka 2027	2.945.004	2.945.004
Skattalegt tap ársins 2019, nýtanlegt til ársloka 2029	444.525	444.525
Skattalegt tap ársins 2020, nýtanlegt til ársloka 2030	484.746	484.746
Skattalegt tap ársins 2021, nýtanlegt til ársloka 2031	933.027	933.027
Skattalegt tap ársins 2022, nýtanlegt til ársloka 2032	3.050.867	3.050.867
Skattalegt tap ársins 2023, nýtanlegt til ársloka 2033	3.584.955	3.584.955
Skattalegt tap ársins 2024, nýtanlegt til ársloka 2034	2.912.161	0
Ójafnað skattalegt tap samtals	14.355.285	12.593.149

Skýringar

12. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, hluthafar með yfirráð eða veruleg áhrif, stjórnarmenn, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

	Styrkir	Húsaleiga	Kröfur
Viðskipti við tengda aðila árið 2024:			
Borgarbyggð	7.041.805	0	6.000.000
Hestamannafélagið Borgfirðingur	0	2.943.339	0
	<u>7.041.805</u>	<u>2.943.339</u>	<u>6.000.000</u>
Viðskipti við tengda aðila árið 2023:			
Borgarbyggð	989.680	0	0
Hestamannafélagið Borgfirðingur	0	2.703.051	0
	<u>989.680</u>	<u>2.703.051</u>	<u>0</u>